

## Landsyfirrættardómar 1915.

---

Mánudaginn 11. jan. 1915.

Nr. 23/1914

Sveinn Björnsson  
f. h. Vilhelm Thorkildsen  
gegn  
Gísla J. Johnsen  
f. h. Edinborgarverzlunar

### D ó m u r :

Mál þetta höfðaði Gíslí yfírrættarmálaflutningsmaður Sveinsson f. h. aðaláfrýjanda Vilhelm Thorkildsens skipaútgærðarmanns í Bergen í Noregi, gegn gagnáfrýjanda Gísla J. Johnsen f. h. Edinborgarverzlunar í Vestmannaeyjum, fyrir gestarétti Vestmannaeyjasýslu með stefnu útg. 2. okt. 1911, til greiðslu 143 pd. Sterl. sem endurgjald fyrir biðaukadaga, er skip áfrýjanda hafði orðið að liggja í Vestmannaeyjum til affermingar veturinn 1911 í janúar- og febrúarmánuðum, en skip þetta flutti salt til

Edinborgarverzlunar þar í eyjunum. Auk þess gerði aðaláfrýjandi kröfu til 89:7:6 pd. Sterl. sem endurgjald fyrir kolaeyðslu, er ferð skipsins til Vestmannaeyja hafði bakað honum. Vaxta 5% krafðist aðaláfrýjandi og af hvorri tveggja þessara upphæða, auk málskostnaðar. Var máli þessu ráðið til lykta með dómi gestaréttarins 17. jan. 1914 með þeim úrslitum að gagnáfrýjandi var dæmdur til að greiða aðaláfrýjanda hina fyrnefndu kröfu, endurgjaldið fyrir aukabiðina með 143 pd. Sterl. ásamt umstefndum vöxtum og 40 kr. í málskostnað, en af kröfunni um endurgjald fyrir kolin var gagnáfrýjandi sýknaður.

Dómi þessum hefir aðaláfrýjandi, stefnandi í héraði, skotið til yfirdómsins með stefnu útg. 12 maí 1914, og hefir hann krafist staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir yfirdómi, eftir mati yfirdómsins.

Stefndi í héraði, Gísli J. Johnsen f. h. Edinborgarverzlunar, hefir af sinni hálfu gagnáfrýjað nefndum gestaréttardómi með stefnu útg. 15 sept. 1914 og gert þær kröfur, að dóminum verði breytt og hrundið þannig, að hann verði með öllu sýknaður af kröfum aðaláfrýjanda og að aðaláfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Með því að aðaláfrýjandi hefir að eins krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi kemur biðaukagjaldskrafan 143 pd. Sterl., er honum var dæmd í gestaréttinum, að eins til álita fyrir yfirdómi, ásamt umstefndum vöxtum.

Með samningi gerðum í Lundúnum 29. nóvem-

ber 1910 tók firmað Copland & Berrie fyrir milligöngu umboðsmanna sinna á leigu eimskipið »Otto Sinding«, sem er eign aðaláfrýjanda. Skip þetta er talið vera 572 smálestir nettó, og skyldi það flytja salt, þó eigi meira en 1250 smálestir frá Íbiza til Íslands. Átti að skila saltinu sumpart á Ísafirði og sumpart í Hafnarfirði, og svo á einhverri annari höfn á Íslandi, þó eigi á höfnum á austur- eða norðurströnd landsins. Skyldu farmeigendur tiltaka þá höfn, þegar skipið væri komið til Íslands. Á ákvörðunarhöfnunum hér skyldi skipið affermt, eins og venja væri til (»As customary«, eins og það er orðað í skipaleigusamn., er aðeins hefir verið lagður fram á ensku í máli þessu) þar á staðnum, þá daga, er veður leyfði (»per weatherworking days«), að undanskildum sunnu- og helgidögum, enda skyldi affermingin hefjast jafnskjótt sem skipið væri búíð þar til. Farmgjaldið var ákveðið 15 shillings fyrir hverja smálest, og skyldi greitt við móttöku farmsins. Og fyrir biðaukadaga skyldi þar að auki greiða 4 pence af hverri nettó-smálest skipsins á hverjum degi.

Skipið tók saltfarminn, eins og til var skilið í skipsleigusamningnum, og samkvæmt skipun farmsendanda átti að skila farminum til verzlana þeirra hér á landi, en ein af þeim var verzlunin Edinborg í Vestmannaeyjum. Á Ísafirði telur skipstjóri sig hafa skilað um 320 og í Hafnarfirði um 370 smálestum. Ætti þá að hafa verið óaffermt af saltfarminum, sem alls var 1250 smálestir, um 560 smálestir. Samkvæmt skipun farmsendanda eða umboðsmanna þeirra hér, fór skipið með það af farminum, sem



eigi var affermt í Hafnarfirði og á Ísafirði, til Vestmannaeyja, enda þótt skipstjóri teldi það óskilyt, með því að í Vestmannaeyjum væri eigi nein höfn (port) í þeirri merkingu, er það orð væri haft í skipsleigusamningnum. Kom skipið til Vestmannaeyja á hádegis, sunnudaginn 29. janúar 1911, og verður að gera ráð fyrir því, að það hafi verið tilbúið til uppskipunar þegar næsta virkan dag. Sýnist og hafa verið byrjað á að afferma skipið næsta dag eftir, 30. jan., en eigi var uppskipun þó lokið fyrir en 22. febr. næst á eftir. Telur aðaláfrýjandi að hægt hefði verið að lúka uppskipun 7. febrúar, enda hafði hann þá uppi sjómótmæli og áskildi skipseiganda óskertan rétt til bóta fyrir dráttinn á uppskipuninni, samkvæmt áðurnefndum skipsleigusamningi. Aðaláfrýjandi telur drátt þenna að kenna viðtakanda farmsins í Vestmannaeyjum, verzluninni Edinborg, og álitur því, að gagnáfrýjanda beri að greiða umstefnda skaðabótakröfu, 4 pence af hverri nettó smálest skipsins fyrir hvern dag eftir 7. febr. 1911 og þar til skipið losnaði úr Vestmannaeyjum 22. s. m. eða alls 15 daga, og verða það samtals 143 pd. Sterl. Og er þetta sú fjárhæð, er héraðsdómarinn hefir talið gagnáfrýjanda skylt að greiða, eins og áður hefir verið sagt.

Gagnáfrýjandi telur sér óskilyt að greiða téða upphæð, fyrst og fremst af því, að skipstjórinn á »Otto Sinding« hafi 20. febrúar 1911 gefið honum fullnaðarkvittun fyrir öll viðskifti hans við skipið. Kvittun þessi, sem skráð er á íslenska tungu hljóðar svo:

»Að eg undirritaður hafi í dag veitt móttöku sex þúsund níu hundruð og sautján krónum 72 aurum til fullnaðargreiðslu á fragt af salti pr. s.s. »Otto Sind-ing« í peningum, það vottast hérmeð og gefst kvittun fyrir.

A. Gitlesen.«

Í kvittun þessari er að eins vottað um móttöku þar um ræddrar upphæðar, sem greiðslu á »fragt« af saltinu. Þessa greiðslu var viðtakanda samkvæmt skipsleigusamningum lögskylt að inna af hendi jafnskjótt sem honum hafði verið skilað farminum. Í orðum kvittunarinnar felst því alls ekkert um það, að kröfu skipstjórans um bætur fyrir biðaukann hafi verið fullnægt með greiðslu téðrar upphæðar, enda hefir aðaláfrýjandi eindregið mótmælt því, að svo hafi verið. Og þegar litið er á upphæðina, verður það ósennilegt, að greiðsla fyrir biðaukann hafi getað falist í þessari upphæð, en hins vegar ólíklegt, að skipstjóri hafi viljað eða ætlað sér að gefa þá kröfu eftir, eftir það, sem á undan var gengið. Skipstjóri telur sig hafa skilað um 560 smálestum til gagnáfrýjanda í Vestmannaeyjum, en sjálfur telur gagnáfrýjandi það hafa verið nokkru meira, eða rúmar 600 smálestir. En ef ráð er fyrir því gert, að það hafi verið að eins 560 smálestir, þá hefði fragtin fyrir þær átt að nema nokkuru meira en upphæð þeirri nemur, sem í kvittuninni greinir. Hins vegar gat skipstjórinn án þess að nokkurn réttarmissi leiddi þar af fyrir aðaláfrýjanda tekið fyrirvaralaust við farmgjaldinu, þar sem hann hafði áður með sjómót-mælum áskilið honum óskertan rétt til bóta fyrir biðaukann. Af þessum ástæðum virðist gagnáfrýjandi



eigi fá bygt sýknukröfu sína á nefndri kvittun. Og er því eigi nauðsynlegt að athuga aðrar ástæður er aðaláfrýjandi hefir framfært í málinu til vefengingar kvittun þessari eða gildi hennar.

Þá telur gagnáfrýjandi bera að sýkna sig af kröfu aðaláfrýjanda af því að gagnáfrýjandi beri eigi ábyrgð á drætti þeim, sem varð á affermingu skipsins í Vestmannaeyjum. Í skipsleigusamningnum sé eigi frekar áskilið af hálfu skipseiganda en svo, að afferming skipsins færi fram á þann hátt sem venjulegt væri («as customary») á afgreiðsluhöfninni. En afferming gufuskipsins »Otto Sinding« umrætt skifti í Vestmannaeyjum hafi eigi verr gengið en svo, að venjulegt megi kallast þar, miðað við þann tíma árs, er skipið var þar. Telur gagnáfrýjandi sig hafa gert alt, sem í hans valdi stóð og jafnvel meira en honum hafi verið lögskýlt, til þess að flýta fyrir uppskipuninni.

Það er viðurkent í málinu, að eigi hafi myndast nein föst venja í Vestmannaeyjum um það, hvað hæfilegt væri að skipa miklu af vörum upp þar á dag, þá er veður leyfir það verk, eða sérstaklega af þeirri vöru, er í máli þessu greinir. Orðin: »eins og venja er til« («as customary») í skipaleigusamningnum virðast og eigi þurfa að eiga sérstaklega við það atriði, heldur hitt, að viðtakandi farmsins skuli hafa nægar tilfæringar til uppskipunarinnar, bæði að tölu til og í því lagi, er forsvaranlegt má teljast á hverjum þeim stað, þar er líkt hagar til og á uppskipunarstaðnum, svo og nægt fólk til þess að uppskipun

megi ganga greiðlega, eftir því sem veður á staðnum leyfir.

Málsaðilum kemur og saman um það, að á þeim tíma árs, er hér um ræðir, í janúar- og febrúarmánudum, sé það óvenjulegt, að menn fái skipsfarma til Vestmannaeyja eða vörur, nema í þeim skipum, er fara reglubundnar ferðir milli Íslands og útlanda. Valdi því bæði það, að engin höfn er í Vestmannaeyjum, svo að skip verða að liggja þar fyrir opnu hafi, og svo það að um þetta leyti árs sé þar að byrja vetrarvertið, eða hún standi þá yfir, en fyrir þá sök sé erfitt að fá fólk til vinnu við afferming skipa þá daga, er veðurs vegna sé unt að starfa að því verki, því að þá meti menn meira fiskiveiðarnar og aðgerð aflans en aðra atvinnu.

Eins og áður hefir verið sagt, var svo fyrir mælt í skipsleigusamningnum, að eimskipið »Ottó Sinding« skyldi skila farminum á Ísafirði og í Hafnarfirði og svo á »einhverri annari höfn« (»one other port«) á Íslandi að undanteknum höfnum á Norður- eða Austurlandi. Samningur þessi var gerður í Englandi af mönnum ókunnugum islenzkum staðháttum og þar sem skipseigandi undirgekket að skila farminum á Ísafirði og í Hafnarfirði og á einhverri annari »höfn« eftir tilvísun farmsendanda, þá virðist farmsendandi hafa átt að gera ráð fyrir því, að skipseigandi mundi eigi hafa undirgengist með óbreyttum skilmálum að sigla með farminn á staði er stórum væru hættulegri en þeir tveir, er nefndir voru, eða þar sem stórum væri erfiðara fyrir skip að athafna sig við uppskipun, ef umræða hefði orðið um það, þegar samning-



urinn var gerður. En það má telja alþekt hér á landi, að hættulegra sé og erfiðara fyrir skip að afhafna sig við uppskipun í Vestmannaeyjum en á hinum tveim nafngreindu stöðum. Ennfremur má gera ráð fyrir því, að skipseiganda eða umboðsmönnum hans við sanningsgerðina hafi verið allskostar ókunnugt um þá sérstöku erfiðleika, sem eru á uppskipun í Vestmannaeyjum um þann tíma árs, er í þessu máli greinir, og málsaðilar eru á einu máli um. En hvorttveggja þessara atriða, bæði það að Vestmannaeyjar eru ótryggara skipalægi og erfiðara til affermingar þar en á Ísafirði og í Hafnarfirði, og að sakir árstímans var sérstökum erfiðleikum bundið að fá þar fólk til þess að starfa að affermingu skipa, var skipsleigjanda kunnugt, þegar samningurinn var gerður eða hefði að minsta kosti átt að vera það. Og þegar viðtakandi farmsins bauð skipinu að fara til Vestmannaeyja til þess að skila þar af sér nokkru af farminum, gat hann eigi búist við því, að skips-eigandi eða umboðsmaður hans, skipstjórinn, vildi gera það, nema því að eins að hann fengi bætur samkvæmt samningnum fyrir þann drátt, er orsakaat kynni af því, að afferming gengi stórum seinna, jafnvel þá daga sem veður leyfði vinnu við hana, en á hinum tveim stöðunum, sem nafngreindir eru í samningnum.

Það virðist upplýst í málinu, að unt sé með nægum tækjum og nægum mannafla þar úr Vestmannaeyjum að skipa upp á dag í Vestmannaeyjum 100 smálestum eða jafnvel meiru, án þess að nokkrar óvanalegar ráðstafanir hafi þurft að gera til þess,



enda sézt það á skýrslu, er fram hefir verið lögð í málinu af hálfu gagnáfrýjanda, að einn daginn, er uppskipun saltsins úr »Otto Sinding« fór fram, voru affermdar nálega 94 smálestir. Ennfremur má telja sannað í málinu, að á tímabilinu frá 29. jan. 1911, er skipið kom til Vestmannaeyja, og til 7. febrúar s. á., en þá taldi skipstjóri, að uppskipun hefði átt að vera lokið, hafi komið 6 virkir dagar, er fyrir veðurs sökum mátti alla nota til uppskipunar. Og hvort sem fylgt er skýrslu skipstjórans um það, að sá hluti farmsins, sem fluttur var til Vestmannaeyja, hafi verið um 560 smálestir, eða skýrslu gagnáfrýjanda, sem er mótmælt af aðaláfrýjanda, að þessi hluti farmsins hafi verið 608 smálestir, þá virðist svo sem gagnáfrýjanda hefði verið unt að lúka affermingunni 7. febrúar. Og þótt svo hefði verið, að eigi hefði verið unt að fá nægilegan vinnukraft til þess, að uppskipun gæti gengið svo fljótt, þá var það samkvæmt því, sem áður er tekið fram, á áhættu og ábyrgð gagnáfrýjanda. Samkvæmt þessu verður gagnáfrýjandi að bera ábyrgð á drætti þeim, er á varð affermingunni eftir 7 febr. 1911.

Enda þótt svo yrði litið á, að gagnáfrýjandi ætí að greiða bætur fyrir dráttinn á affermingunni eftir 7. febrúar 1911 að einhverju leyti, þá telur hann sér þó óskyld að greiða nokkuð fyrir tvo síðustu dagana 21. og 22. febrúar. Þetta byggir gagnáfrýjandi á því, að 20. febrúar hafi skipstjóri krafist þess, að kolum yrði skipað út í skipið úr landi, og hafi það verið gert, en ella mundi affermingu hafa orðið lokið þann dag. Því er ómótmælt haldið fram af hálfu

aðaláfrýjanda, að skipið hafi orðið að kynda vélina jafnvel þann tíma, er verið var að skipa upp, til þess að vera viðbúið að færa sig úr stað. Af þeim sökum hafi eyðst svo kol, að viðbótar þurfti. En það að skipið þurfti kolanna, og þótt uppskipun tefðist þessa tvo daga fyrir það, virðist eigi geta sýkn- að gagnáfrýjanda af kröfu aðaláfrýjanda um greiðslu viðaukagjalds fyrir þá daga, því að gagnáfrýjandi verður samkvæmt framansögðu að bera ábyrgð á töfnni eftir 7. febrúar, en af þeirri töf má telja kola- skort skipsins stafa.

Samkvæmt framanskráðu ber að dæma gagn- áfrýjanda til þess að greiða aðaláfrýjanda 143 pd. sterl. eftir dagskúrs með vöxtum sem í gestaréttar- dóminum segir. Eftir málsúrslitum fyrir gestaréttin- um þykir rétt, að málskostnaður í héraði falli niður. En fyrir yfirdómi virðist gagnáfrýjanda bera að greiða aðaláfrýjanda málskostnað, er þykir hæfilega metinn 40 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjandi Gísli J. Johnsen f. h. Edin- borgarverzlunar greiði aðaláfrýjanda, Sveini Björnssyni f. h. Vilhelm Thorkildsen, 143 pd. sterl. eftir dagskúrs og með 5% ársvöxtum frá 2. október 1911 til greiðsludags. Málskostnaður fyrir gestaréttinum falli niður. Fyrir yfirdómi greiði gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda 40 krónur í málskostnað.



Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 1. febr. 1915.

Nr. 37/1914.

Ólafur Davíðsson f. h.  
Leonh. Tang & Söns verzlunar  
gegn  
Bæjarstjórn Ísafjarðarkaup-  
staðar.

D ó m u r :

Á fundi byggingarnefndar Ísafjarðarkaupstaðar 7. apríl 1909, var gerð svofeld ályktun: »Nefndin lítur svo á, að með því að tún það, sem verið hefir í eignarhaldi Leonh. Tang & Söns, hefir eigi verið notað til þess, er 3. gr. o. br. 26. jan. 1866 gjörir ráð fyrir, né heldur til atvinnureksturs verzlunarinnar sem slíkrar, hafi hún mist rétt sinn til þess að halda því. Með skírskotun til þess að bærinn þarf á túninu að halda í sínar þarfir, ákveður nefndin því að túnið skuli frá því í dag fallið til bæjarins aftur, þó þannig, að verzlunin haldi spildu næst íbúðarhúsinu, er takmarkast af línu, dreginni frá Aðalstræti 227 fet norður frá barnaskólanum sam-